

20. gr.

Vinningar, sem enginn hefur vitjað innan eins árs frá drætti, verða eign happdrættisins.

21. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959, sbr. lög nr. 32 5. maí 1969, lög nr. 22 10. apríl 1974 og lög nr. 52 25. maí 1976, öðlast þegar gildi. Ákvæði 5. gr. kemur þó eigi til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1977. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 178 9. nóvember 1959, um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga, sbr. reglugerðir nr. 291 26. september 1974, nr. 390 29. ágúst 1975 og nr. 550 31. desember 1975.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. október 1976.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

15. október 1976.

Nr. 373.

S A M Þ Y K K T

um breyting á samþykkt um stjórn bæjarmálefna Kópavogskaupstaðar
nr. 112 8. maí 1972.

1. gr.

24. gr. hljóði svo:

A. Til eins árs á fyrri fundi í júní ár hvert:

1. Forseta bæjarstjórnar.
2. 1. varaforseta bæjarstjórnar.
3. 2. varaforseta bæjarstjórnar.
4. Tvo skrifara bæjarstjórnar og tvo til vara.
5. Fimm bæjarfulltrúa í bæjarráð.
6. Fjóra menn í byggingarnefnd, þar af tvo innan bæjarstjórnar og tvo utan bæjarstjórnar og fjóra varamenn á sama hátt. Bæjarstjóri er sjálfkjörinn og formaður nefndarinnar.
7. Fimm menn í hafnarnefnd, þar af tvo innan bæjarstjórnar og þrjá utan bæjarstjórnar og fimm varamenn á sama hátt. Auk þess eiga sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti, bæjarstjóri og bæjarverkræðingur.
8. Tvo endurskoðendur bæjarreikninga og tvo til vara.
9. Einn mann í stjórn Sparisjóðs Kópavogs. Auk þess eiga sæti í stjórninni tveir fulltrúar kjörnir af ábyrgðarmönnum Sparisjóðsins.
10. Tvo endurskoðendur Sparisjóðs Kópavogs.
11. Kjörstjórnir við bæjarstjórnarkosningar:
 - a) Þrjá menn í yfirkjörstjórn og þrjá til vara.
 - b) Þrjá menn í hverja undirkjörstjórn og þrjá til vara.
12. Kjörstjórnir við alþingiskosningar:
 - a) Þrjá menn í hverja hverfiskjörstjórn og þrjá til vara.
 - b) Þrjá menn í hverja undirkjörstjórn og þrjá til vara.
13. Fimm menn í framtalsnefnd og fimm til vara. Starfstími nefndarinnar skal hefjast og enda við áramót.
14. Fimm menn í stjórn Heilsuverndarstöðvar Kópavogs og fimm til vara. Auk þess eiga sæti í stjórninni einn fulltrúi tilnefndur af heilbrigðisráðuneytinu

og einn fulltrúi tilnefndur af Sjúkrasamlagi Kópavogs. Bæjarstjórn kýs formann stjórnarinnar.

15. Sjö menn í stjórn Lista- og menningarsjóðs.
16. Fimm menn í umferðanefnd og fimm til vara. Rétt til setu á fundum nefndarinnar hefur bæjarfógeti og bæjarverkfræðingur með málfrelsi og tillögurétti.
17. Fimm menn í stjórn Atvinnuefningarsjóðs og fimm til vara.

B. Til tveggja ára á fyrri fundi í júní við upphaf kjörtímabils og á miðju kjörtímabili.

1. Sjö menn í tómstundaráð, þar af fjóra samkvæmt tilnefningu starfandi féлага í bænum, þó ekki stjórnmalaféлага. Tilnefni félögin ekki fulltrúa fyrir mállök ár hvert, kýs bæjarstjórn alla sjö fulltrúana án tilnefningar. Á sama hátt skal kjósa sjö varamenn. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann ráðsins.

C. Til fjögurra ára á fyrsta fundi eftir bæjarstjórnarkosningar:

1. Fjóra menn í stjórn Sjúkrasamlag Kópavogs og fjóra til vara. Auk þess skipar ráðherra til viðbótar formann og varaformann stjórnarinnar.
2. Sjö menn í félagsmálaráð og sjö til vara.
3. Fimm menn í skólanefnd og fimm til vara.
4. Fimm menn í heilbrigðisnefnd og fimm til vara. Bæjarstjórn kýs formann nefndarinnar.
5. Fimm menn í bókasafnsstjórn og fimm til vara.
6. Fimm menn í skipulagsnefnd og fimm til vara. Bæjarstjórn kýs formann nefndarinnar.
7. Sjö menn í náttúruverndarnefnd og sjö til vara. Bæjarstjórn kýs formann nefndarinnar.
8. Einn forðagæslumann.
9. Einn millimatsmann.
10. Tvo sáttamenn og tvo til vara.
11. Sex menn í áfengisvarnarnefnd. Auk þess á sæti í nefndinni einn fulltrúi skipaður af ráðherra og er hann formaður nefndarinnar.
12. Átta menn í sjó- og verslunardóm.
13. Einn bæjarfulltrúa eða varabæjarfulltrúa í stjórn Lífeyrissjóðs Kópavogskaupstaðar og einn til vara. Auk þess eiga sæti í stjórninni einn fulltrúi kjörinn af sjóðsfélögum og bæjarstjóri, sem er formaður stjórnarinnar.
14. Sjö menn í stjórn Félagsheimilis Kópavogs og sjö til vara. Auk þess eiga sæti í stjórninni sex fulltrúar tilnefndir af aðildarfélögum.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 15. október 1976.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Skúli Sigurðsson.